

201710-99/9.12.1

60. fundur Heklunnar, atvinnuþróunarfélags Suðurnesja haldinn ^{október BK} 20 september 2017 kl. 11:00 á skrifstofu SSS, Skógarbraut 945, 235 Reykjanesbæ.

Mætt: Kjartan Már Kjartansson, Fannar Jónasson, Sigrún Árnadóttir, Ásgeir Eiríksson, Magnús Stefánsson, Gunnar H. Garðarsson, Guðmundur Pétursson, Brynhildur Kristjánsdóttir, Guðjón Skúlason, Björk Guðjónsdóttir, Eggert Sólberg Jónsson, Berglind Kristinsdóttir og Dagný Gísladóttir sem ritaði fundargerð.

Sigrún Elefsen og Marta Jónsdóttir boðuðu forföll.

Dagskrá:

1. *Málefni atvinnuleitenda. Gestir fundarins: Hildur Gísladóttir- VMST og Hera Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjanesbæjar*
2. *Atvinnuleysistöður yfirlit s.l. 12 mánaða*
3. *Málefni SAR*
4. *Önnur mál*

• Málefni atvinnuleitenda

Hildur Gísladóttir frá VMST og Hera Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs mættu á fundinn. Guðrún B. Sigurðardóttir félagsmálastjóri Garðs, Sandgerðis og Vogar var fjarverandi.

Hildur fór yfir helstu ástæður aukningar á atvinnuleysisskrá. Framundan er herferð til að kynna vinnumiðlun enn frekar hjá fyrirtækjum og vinna að bættri ímynd stofnunarinnar. Hún sagði frá málþingi 10. nóvember sem haldið er í samstarfi ýmissa stofnanna en þar verður sérstaklega fjallað um stuðning við ungt fólk og vinnuafli sem kemur erlendis frá. Hera sagði frá þeim hópi sem sækir félagsþjónustu hjá Reykjanesbæ og hefur takmarkaða atvinnuþátttöku. Unnið er í samstarfi við VIRK, HSS og Björgina – geðræktarmiðstöð v/endurhæfingar og þar er mikilvægt að hafa góð tengsl við atvinnulífið. Nýtt verklag hjá RNB er að koma fyrir inn í stuðningi og má þar nefna aðstoð við ungt fólk í brottfallshættu.

Guðmundur lagði til að skoðuð yrðu atvinnubótaverkefni sem gefið hafa góðan árangur. Guðjón lagði til að kynntar yrðu betur fyrir ungu fólki þær kröfur sem gerðar eru til starfa við flugþjónustu.

• Atvinnuleysistöður yfirlit s.l. 12 mánaða

Lagt var fram yfirlit yfir fjölda atvinnulausra sl. tólf mánuði. Atvinnulausir október 2017 voru samtals 257 sem er 2,1%. Í Reykjanesbæ 182, Sandgerði 25, Garður 14, Vogar 19 og Grindavík 17.

• Málefni SAR

Guðmundur tilkynnti að hann hafi látið af störfum sem formaður SAR og þakkaði gott samstarf. Guðjón Skúlason hefur tekið við formennsku. Guðmundi voru þökkuð vel unnin störf og óskað velfarnaðar um leið og Guðjón var boðinn velkominn til starfa.

SA
AB fann
PK. KMAN.
U

Önnur mál

- Björk sagði frá nýju rafrænu umsóknareyðublaði Uppbyggingarsjóðs Suðurnesja sem nú er komið í loftið og er umsóknarfrestur til 9. nóvember. Sjóðurinn er vel kynntur og unnin hafa verið myndbönd til þess að kynna sjóðinn og þau verkefni sem hann styrkir. Sveitarfélög eru hvött til þess að kynna sjóðinn í eigin ranni.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:00.

Kjartan Móri Kjartan

Berglind Kristin

Sunnva Þjónna

Jóhanna Jóhanna

Berglind Kristin

Jóhanna Jóhanna

Ólafur Ólafsson

Ólafur Ólafsson

Sigrún Ólafsdóttir